

61
14. maí

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög um téð efni samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar set ég bráðabirgðalög á þessa leið:

1. gr.

Hreppsnefndarkosningum þeim, sem ákveðnar eru síðasta sunnudag í júnímánuði 1946, skal frestað, og skulu þær fara fram 7. júlí 1946.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 14. maí 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.

62
21. maí

BRÁÐABIRGÐALÖG

um heimild fyrir ríkisstjórnina til að framlengja fiskveiða- og atvinnuréttindi Dana á Íslandi.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Dómsmálaráðherra hefur tjáð mér, að samkvæmt lögum nr. 18 24. marz 1944, hafi réttindi danskra ríkisborgara á Íslandi, er þeim voru áskilin í 6. gr. sambandsлага Íslands og Danmerkur 30. nóvember 1918, fallið niður 5. marz 1946, en hann telji rétt, að danskir ríkisborgarar njóti áfram þeirra fiskveiða- og atvinnuréttinda hér á landi, er þeir hafa notið hingað til, eftir nánari ákvörðun ríkisstjórnarinnar, þar til samningum þeim vegna niðurfellingar sambandslaganna, sem nú standa yfir, er lokið.

Með því að ég fellst á, að brýna nauðsyn beri til að setja bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar um framangreint efni, gef ég út bráðabirgðalög samkvæmt 28. gr. stjórnarskrárinnar á þessa leið:

1. gr.

Meðan eigi er lokið samningum þeim, er nú standa yfir vegna niðurfellingar dansk-íslenska sambandslagasamningsins 30. desember 1918, heimilast ríkisstjórn Íslands að gera þær ráðstafanir, sem þörf er á, til að láta danska ríkisborgara njóta áfram þeirra fiskveiða- og atvinnuréttinda hér á landi, er þeir hafa notið hingað til, þó eigi lengur en til 30. september 1946.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík, 21. maí 1946.

Sveinn Björnsson.

(L. S.)

Finnur Jónsson.